

Blöðruþrýstingsmæling hjá börnum

Blöðruþrýstingsmæling er lífeðlisfræðileg rannsókn sem metur starfsemi þvagblöðrunnar. Rannsóknin tekur 90 mínútur og fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Undirbúningur fyrir rannsókn

- Hætta þarf töku lyfjanna: Ditropan, Detrusitol, Vesicare og Toviaz tveimur vikum fyrir rannsóknina, nema læknir ákveði annað. **Börn með hrygggrauf eiga ekki að hætta töku þeirra.**
- Mikilvægt er að barnið sé hvorki með þvagfærasýkingu né niðurgang þegar rannsókn er framkvæmd.
- Barn þarf að hafa losað hægðir kvöldið fyrir rannsókn og veitir hjúkrunarfræðingur á barnadeild frekari upplýsingar ef þörf er á.

Fylla þarf út og koma með meðfylgjandi vökva- og þvaglátaskrá

- Þvag er mælt í mælikönnu.
- Ef þvagblaðran er tæmd með þvaglegg, er aðeins skráður tími og magn þvags í hvert sinn sem það er gert.
- Ef barn notar bleyju er hún vigtuð fyrir og eftir skiptingu.

Framkvæmd rannsókna

Þvegið er í kringum þvagrásarop og þvagrásin staðeyfð með kremi. Grannur rannsóknarleggur er þræddur upp þvagrásina inn í þvagblöðru. Í gegnum legginn er vatni dælt rólega inn í þvagblöðruna og þrýstingur þar mældur. Einnig er settur grannur leggur í endabarm sem mælir þrýsting fyrir utan þvagblöðruna og tveir plástrar við endabarmsop sem mæla vöðvasamdrátt.

Eftir rannsókn

Sumir finna fyrir óþægindum við þvaglát fyrst á eftir og því er gott að drekka vel. Einkennin ættu þó ekki að vara lengur en 24 klukkustundir.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma þarf að leita til bráðamóttöku barna í síma 543 3074.

Velkomið er að hafa samband á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.